



188. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 28. apríl 2016 kl. 09:30.

Mætt: Elín Höskuldsdóttir (fulltrúi foreldra), Eydís Þ. Indriðadóttir (mætti ekki), Haraldur Eiríksson, Jón Hjartarson, Jón G. Valgeirsson, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara), Olga Líska Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigþrúður Jónsdóttir (boðaði forföll), Sigþór Jóhannsson (fulltrúi nemenda) og Þórarinn Ingólfsson.

Jón G Valgeirsson varaformaður skólanefndar setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár. Sandra D. Gunnarsdóttir mætti aðeins of seint og tók þá við fundarstjórn.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 187. fundar var samþykkt án athugasemda.

2. Nemendagarðar FSu - ÞI

Aðstoðarskólameistari greindi frá stöðunni. Búið er að leita eftir húsnæði fyrir nemendur en illa hefur gengið að finna leiguhúsnæði. Stefnt er að því að auglýsa eftir herbergjum á svæðinu og skólinn gæti verið tengiliður fyrir þá nemendur sem ekki geta nýtt sér akstur strætó.

3. Nýr stofnanasamningur / Ársreikningur 2015 / Eignarsjóður - HE – OLG

Fjárfestingarreikningur ársins 2015 var lagður fram og undirritaður af skólanefnd.

Ársreikningur skólans fyrir árið 2015 var lagður fram. Í reikningnum kemur fram að skólinn var rekinn með hagnaði á síðasta ári og minnkaði halli gagnvart ríkissjóði. Fundarmenn lýstu yfir ánægju með stöðuna.

Stofnanasamningur skólans var kynntur fyrir fundarmönnum. Hann var endurnýjaður núna í apríl og gildir til ársins 2018. Þetta er stofnanasamningur skólans við KÍ félag.

4. Nýbygging FSu (Hamar)– OLG

Staðan er þannig að fyrsti hluti nýbyggingar verður afhentur til skólans 15. ágúst 2016 (trédeild, skólatorg, gangar og rými kennara). Farið var út úr gamla Hamri fyrir páska til þess að flýta fyrir endurbótum á eldri hluta hússins. Kennarar og nemendur unnu saman að því að hreinsa út úr gamla Hamri. Ljóst er að það vantar hærri upphæð til búnaðarkaupa. Meira fjármagn þarf til skólans þegar nýtt hús verður tilbúið til þess að hægt sé að bjóða upp á nýjar námsleiðir í nýju húsnæði.



5. Önnur mál:

A. Heimsókn í ML

Starfsfólk skólans fór á námskeið að Laugarvatni 8. apríl með starfsfólki Menntaskólans að Laugarvatni. Námskeiðið tókst vel og var jákvætt á allan hátt.

B. Ráðningar

Áfangastjóri hefur sagt starfi sínu lausu og hefur verið ráðið í staðinn fyrir hann. Félagslífsfulltrúi sagði starfshlutfalli sínu lausu og hefur verið ráðið í það starf. Afleysingakennarar sem hafa verið ráðnir á þessu skólaári verða væntanlega ekki ráðnir áfram á næstu önn.

Í framhaldi af ráðningarmálum var rætt um bóksölu og hvað ætti að gera varðandi áframhaldandi rekstur hennar. Deildar meiningar urðu um áframhaldandi rekstur hennar, en fleiri voru á þeirri skoðun að hætta ætti með reksturinn. Hugmynd kom upp að gera könnun hjá nemendum varðandi áframhaldandi rekstur.

C. Ný reglugerð

Reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í framhaldsskólum hefur verið gefin út og sagði skólameistari frá henni í mjög grófum dráttum.

D. Kosning formanns skólanefndar

Ákveðið var að formaður skólanefndar yrði áfram sá sami þ.e. Sandra D. Gunnarsdóttir.

Næsti fundur er fyrirhugaður 8. september kl. 09:30

Fundi slitið kl. 11:02

Fundarritari,

Þórarinn Ingólfsson